

1. september 2018



**Kröfur móta 2018-2019**

Hópfimleikar

### Keppnisfyrirkomulag

Breytingar hafa verið gerðar á reglum og undanþágum. Þjálfarar og félög eru því beðin um að kynna sér móta- og keppnisfyrirkomulagið vel, auk keppnisreglna í hópfimleikum.

Keppt verður eftir Code of Points, útgáfu 2017, með íslenskum undanþágum.

### Mótafyrirkomulag

Mót	Mfl.	1.fl.	2.fl.	3.fl.	4.fl.	5. fl.	KKe	K k y
<b>Haustmót</b>	<b>Mfl. B</b>	<b>1.fl B</b>	x	x	x		x	x
<b>Bikarmót unglunga</b>				x	x	x		
<b>WOW - Bikarmót fullorðinna</b>	x	x	x				x	x
<b>Íslandsmót fullorðinna *</b>	x	x						
<b>Subway - Íslandsmót unglunga</b>	<b>Mfl B</b>	<b>1.fl B</b>	x	x	x	x	x	x
<b>GK deildar-meistaramót</b>	<b>6 efstu lið í A deild</b>	<b>6 efstu lið í A deild</b>	<b>6 efstu lið í A deild</b>	<b>6 efstu lið í A deild</b>	<b>6 efstu lið í A deild</b>	<b>6 efstu lið í A deild</b>	<b>6 efstu lið í A deild</b>	<b>6 efstu lið í A deild</b>

#### \*Íslandsmót

Fjögur stigahæstu liðin í hverjum kynjaflokki A-deildar meistaraflokks á Bikarmóti fullorðinna vinna sér inn þátttökurétt á Íslandsmótinu. Sé eitthvað lið sem vinnur sér inn þátttökurétt, sem kys að keppa ekki á Íslandsmótinu, ber því að tilkynna það til skrifstofu FSÍ að lágmarki 3 vikum fyrir Íslandsmót, svo hægt sé að bjóða næsta liði þeirra sæti.



## Aldursflokkar

Eftirfarandi aldersflokkar gilda fyrir keppnistímabilið 2018-2019.

Meistaraflokkur	2003 og eldri
1.flokkur	2002 -2006
2.flokkur	2004 – 2005
3.flokkur	2006 – 2007
4.flokkur	2008 – 2009
5.flokkur	2010*
KK yngri	2007 -2010*
KK eldri	2004 - 2007

**\*2010 mega ekki keppa fyrr en eftir áramót, skv reglum ÍsÍ**

## GK mót – nýtt mót

Í vetur verður keppt til GK deildarmeistaratitils, á GK deildarmeistaramóti. Það eru 6 hæstu liðin úr A-deild hvers kynjaflokks í hverjum aldersflokki, eftir Íslandsmót sem öðlast keppnisrétt.

## Verðlaun

- Veittar er medalíur fyrir samanlögð stig á öllum mótum.
- Verðlaun eru veitt skv þessu fyrirkomulagi:
  - 1 – 4 lið skráð – Verðlaun veitt fyrir 1. sæti
  - 5 – 9 lið skráð – Verðlaun veitt fyrir 1. – 3. sæti
  - 10 lið + skráð – Verðlaun veitt fyrir 1. – 5. sæti
- Á Haustmóti eru veitt verðlaun fyrir 1. – 5. sæti í hverjum flokki, séu lið fleiri en 10, eftir að úrslit eru ljós er raðað í deildir fyrir næsta mót.
- Á Íslands- og Bikarmóti eru veittir bikarar fyrir samanlagðan árangur í öllum kynjaflokkum.
- Á Íslandsmót fullorðinna eru krýndir Íslandsmeistarar á einstökum áhöldum.
- Einungis lið sem keppa á öllum áhöldum geta unnið til verðlauna í samanlögðum stigum.

## NM seniora

- WOW-Bikarmót fullorðinna og Íslandsmót verða úrtökumót fyrir NM seniora.
- Liðin þurfa að vera lögleg lið skipuð keppendum fullorðinna á úrtökumótunum til að eiga möguleika á að vinna sér þátttökurétt.
- Liðin fá 7 stig fyrir sigur, 5 stig fyrir annað sæti og 4 stig fyrir þriðja sæti. Ef lið eru jöfn að stigum eftir mótin telja fleiri sigrar á áhöldum á milli liðanna og því næst samanlögð stig allra móta.

## Hámarksfjöldi þjálfara á mótum

Í samræmi við reglur UEG, verða hámark 3 þjálfarar sem mega fylgja hverju liði í meistaraflokki, 1. flokki og 2. flokki til keppni á FSÍ mótum. Í 3. – 5. flokki, kky og kke, er heimilt að hafa 4 þjálfara með hverju liði. Þeir þjálfarar verða skráðir á mótið líkt og keppendur í gegnum leyfiskerfið.

Meistaraflokkur	3
1. flokkur	3
2. flokkur	3
3. flokkur	4
4. flokkur	4
5. flokkur	4
KK yngri	4
KK eldri	4

## Leyfi fyrir þreföldum heljarstökkum

Skv. Reglum UEG eru þreföld heljarstökk ekki leyfileg án skriflegs leyfis frá fimleikasambandi hvers lands. Á mótum vetrarins verða gerðar kröfur um skrifleg leyfi frá FSÍ fyrir þreföldum heljarstökkum, hvort sem er á dýnu, trampólíni eða hesti. Skylda er að sækja um þetta leyfi með sérstöku leyfisbréfi frá FSÍ, en reglur um leyfið má finna á heimasíðu fimleikasambandsins. Athugið að reglurnar hafa verið uppfærðar.



## Kröfur um keppnisnúmer

Ef keppendur í meistaraflokki og 1. flokki er ekki með keppnisnúmer á keppnisbúningum sínum í keppni, kemur til yfirdómaráfrádráttar fyrir að vera ekki í fatnaði samkvæmt reglum. Reglur um keppnisnúmer á Íslandi má finna á heimasíðu fimleikasambandsins. Aðrir flokkar þurfa ekki að hafa keppnisnúmer og fá undanþágu frá CoP. Þó er ekki veittur frádráttur fyrir yngri flokka sem hafa númerin, hvort sem það er hluti af liðinu eða allt liðið.

